

Japl, jaml og fuður

Snillingurinn Guðmundur Jónsson er að koma fram með sólóplötu á næstunni og mun hún bera hið sérkennilega nafn: „Jaml“.

Ha? fræðingurinn Dr. Gunni veltir þessari jafngift fyrir sér á sinni bloggsíðu og telur nafngiftina sem slíka gefa til kynna djassaða plötu. Djassistar landsins geri iðulega plötur sem heiti slíkum nöfnum: „Klif“, „Rask“, „Kjár“ eða „Stikur“. Doktorinn ætti að vita það þar sem hann situr pungsveittur við að semja spurningar í undanúrslit Poppunkts. Ekki þykir þó líklegt að Gummi í Sálinni sé að djassast meira en góðu hófi gegnir og setur

Dr. Gunni því fram þá hugmynd að þarna sé hugsanlega 1. platan í trílógíu og þá heiti næstu plötur „Japl“ og svo komi sú þriðja undir heitinu „Fuður“. Gleðisveitin Haukar mun hafa haft uppi svipuð áform og sendi frá sér plöturnar „Fyrst á réttunni“ og svo kom „Svo á röngunni“ en þá kom heldur betur babb í bátinn því aðalmaðurinn, Guðlaugur Melsteð lést svíplega áður en „Tjú, tjú, tral-la-la“ varð til. Góð kenning hjá Dr. Gunna nema DV minnir endilega að frasinn sé: „Japl, jaml og fuður“ en ekki „Jaml, japl og fuður“. En kannski er skilningur Gumma í Sálinni hinn sami og Dr. Gunna.



Gummi Jóns í Sálinni Frumleg kenning Dr. Gunna gengur út á að ný sólóplata hans sé sú fyrsta í trílógíu.